



Viðauki

við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2007

Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta, útgáfa merkt 3.4., sem tekur gildi frá og með 1. ágúst 2007.

Ákvæði 1.4. orðist svo:

“Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samtengingarsamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem engin ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samtengingarsamnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.”

Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samtengingarsamninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið svo á að til þurfi að koma sérstök undirskrift Símans og viðsemjanda vegna breytingar á efni samtengingarsamninga, í hvert sinn sem viðmiðunartilboði er breytt.

Eftirfarandi málsgrein er felld út úr viðmiðunartilboðinu:

Gildandi viðmiðunartilboð, skal þannig hverju sinni vera samtengingarsamningur á milli Símans og viðsemjanda, um samtengingu talsímaneta.

Loka málsgrein greinarinnar er óbreytt, en hún hljóðar svo:

“Síminn birtir “viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta” á vef sínum, þar sem fram koma áformaðar breytingar á efni samtengingarsamninga.”

Ákvæði 1.7.

Neðangreindar skilgreiningar á hefðbundnum símanúmerum og óhefðbundnum eru felldar út úr viðmiðunartilboðinu.

Hefðbundin símanúmer: Símanúmer sem tengja búnað símnotenda við grunnsamtengingarþjónustu ásamt hefðbundinni gjaldtöku símnotanda. Venjulega er

svörun og úthringing handvirk en þó getur búnaðurinn verið sjálfvirkur að einhverju eða öllu leyti ef hegðunarmynstur breytist ekki verulega.”

Óhefðbundin símanúmer: Símanúmer sem ekki falla undir skilgreiningu um hefðbundin símanúmer.”

Ákvæði 2.3. orðist svo:

“Hvor aðili um sig tilkynnir um bilanir í eigin neti. Aðilar skulu veita nauðsynlegt aðgengi að sínum búnaði við framkvæmd bilanagreiningar svo komast megi fyrir þær svo fljótt sem auðið er. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.”

Ákvæði 3. mgr. greinar 3.1. orðist svo:

“Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn eigin kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda”

Ákvæði 1. mgr. greinar 3.5. orðist svo:

“Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um samtengingarsambönd, samtengingarumferð og aðra samtengingarþjónustu sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

Ákvæði 3.7. orðist svo:

“Breytingar á skilgreiningum í símstöðvum sem áhrif hafa á net gagnaðila þarf að tilkynna með góðum fyrirvara og að lágmarki með 5 virkum dögum. Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn eigin kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda

Ákvæði 4.1.2.

Neðangreind málsgrein er felld út úr viðmiðunartilboðinu:

“Síminn greiðir viðsemjanda ekki stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum”